

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, Lindarbraut 4, Laugarvatni.*

Breytingin felur í sér að lóðin Lindarbraut 4 minnkar, úr 7.197 m<sup>2</sup> í 5.977 m<sup>2</sup>, þar sem hluti af bílastæðum lóðarinnar er gerður að almennum bílastæðum. Nýtingarhlutfall hækkar úr 0,65 í 0,78 þar sem lóðin minnkar og leyfilegt byggingarmagn verður sem áður 4.678 m<sup>2</sup>.  
Samþykkt í sveitarstjórn 7. júní 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 20. júní 2018.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Berglind Sigurðardóttir.**